

## RANNSÓKNARSKÝRSLA

Rannsóknarskýrslan á að lýsa verkefninu. Hún má ekki vera handskrifuð og hún á að vera í mesta lagi 10 blaðsíður að lengd af texta (A4 síður; tvöfalt línubil; leturstærð a.m.k. 10 punktar).

Með skýrslunni mega fylgja 10 A4 síður af skýringarmyndum, töflum, línuritum og öðru slíku.

Ekkert annað aukaefni, svo sem myndbönd, skulu fylgja með rannsóknarskýrslunni.

Galdurinn við góða rannsóknarskýrslu er að setja efnið fram á stuttan, skipulegan og skilmerkilegan hátt. Nota skal gott mál, skýran texta og mælt er með því að fá einn eða fleiri til að prófarkarlesa skýrsluna. Mikilvægt er að geta heimilda og að vísa rétt í heimildir. Skýrslan skal vera skýr þeim sem ekki er kunnugur viðfangsefninu. Gott er að fá snemma aðra, sem eru ókunnugir verkinu, til að lesa og gagnrýna.

## UPPBYGGING RANNSÓKNARSKÝRSLU

### 1. Inngangur

Um hvað snýst verkenfið? Hvaða vandamál á að leysa? Afhverju er efnið áhugavert? Settu fram rannsóknarspurningu sem þú ætlar svara í stuttu og skýru máli.

### 2. Bakgrunnur

Hvað er nú þegar vitað um viðfangsefni rannsóknarinnar? Hefur eitthvað nýtt komið fram, sem tengist þessari rannsókn sérstaklega?

ATH Hér ætti ekki að setja fram allar kenningar sem á einhvern hátt tengjast verkefninu, heldur aðeins þær sem tengjast sérstaklega þessari rannsókn.

### 3. Tilgáta

Hvernig telur þú að vandamálið sem þú settir fram í inngangi geti verið leyst? Hér skal setja fram hugmynd að lausn. Tilgátan byggir á fræðilegri þekkingu um efnið, þ.á.m. þeim

kenningum sem koma fram í bakgrunnskafla. Í tilgátunni felast einnig væntingar til ákveðinnar niðurstöðu.

#### **4. Tæki og framkvæmd**

Hér skal lýsa þeim tækjum sem voru notuð við rannsóknina (ef einhver) og hvernig rannsóknin var framkvæmd.

#### **5. Niðurstöður**

Hverjar voru niðurstöður rannsóknarinnar? Hér eru gögnin og niðurstöðurnar rædd. Það er góð hugmynd að nota hér til dæmis töflur, línurit eða myndir til að sýna helstu niðurstöður.

#### **6. Umræður**

Markmið og rannsókn tekið stuttlega saman. Hvaða þýðingu hefur rannsóknin? Komu niðurstöðurnar þér á óvart? Hér er rannsóknin sett í samhengi við niðurstöður annarra rannsókna sem hafa verið gerðar og spáð í framtíðina. Hvað er svarið við vandamálinu sem var sett fram í upphafi?